

Alþingi
Erindi nr. P 135/866
komudagur 7.12.2007



Hafnarfirði 6. desember 2007

Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn MND félagsins

Um: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Ágætu nefndarmenn,

Við hjá MND félaginu fögnum allri leiðréttingu á kjörum öryrkja og aldraðra.

Við viljum þó benda nefndarmönnum á að með því að einskorða bæturnar við maka eða annan nákominn ættingja, þá erum við að "þröngva" mökum og/eða ættingjum til að taka verkefnið að sér. Sumir ættingjar og makar kjósa að halda áfram sínu lífi, sinna vinnu og/eða félagslífi. Því leggjum við til að 5. gr orðist svo:

5. grein

Heimilt er að greiða umönnunargreiðslur skv. 4. gr. til þess aðila er þjónustuna veitir elli- eða örorkulífeyrisþeganum. Maka, ættingja eða viðurkenndu umönnunarfyrirtæki. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Virðingarfyllst,

Guðjón Sigurðsson
Formaður MND félagsins